

Fundargerð foreldrafélags Lundarskóla, miðvikudaginn 3. september, kl. 19:30.

Mættir voru: Elísabet Hjálmarsdóttir, Egill Heinesen, Hafdís Yurith Ólason, Stella Sverrisdóttir, Snæbjörn Ó Guðjónsson fráfarandi gjaldkeri og Margret Wendel fráfarandi ritari.

Fjarverandi, Svanhvít Íris Valgeirsdóttir.

Dagskrá fundar:

1. Starfið í vetur
2. Skipting starfa í félaginu
3. Fundargerð síðasta fundar
4. Gjaldkeri fer yfir fjárhag félagsins og innheimtu gjalda
5. Vefsíða félagsins
6. Önnur mál

1. **Starfið í vetur.** Enn vantar gjaldkera og meðstjórnanda svo stjórn sé fullmönnuð. Hefðbundnir liðir framundan, styrkja Reykjaferð 7. bekkjar og ferð 10. bekkjar. Skólinn verður 40 ára á haustdögum, ekki er enn vitað hvernig skólayfirvöld hyggjast halda uppá afmælið, Elísabet hefur samband við skólastjóra. Umræður um hvaða fræðslu mætti fá fyrir foreldra, fyrirlestur Guðjóns Hreins Haukssonar "Að éta börnin sín, hugleiðingar um byltingu" var nefndur og líka fyrirlestur frá Sigríði Dögg kynfræðingi.
2. **Skipting starfa í félaginu.** Hafdís verður áfram fulltrúi í skólaráði.
3. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð aðalfundar Foreldrafélags Lundarskóla 23.04.14 samþykkt.
4. **Gjaldkeri fer yfir fjárhag félagsins og innheimtu gjalda.** Sami háttur verður hafður á með innheimtu félagsgjalda, foreldrar geta lagt beint inn á reikning félagsins til að spara seðilgjöld. Reikningur næstum tómur eins og vera ber við upphaf skólaársins. Gjaldkeri gat ekki skilað af sér formlega þar sem eftirmaðurinn er enn ófundinn.
5. **Vefsíða félagsins.** Margret sér áfram um vefsíðu félagsins.
6. **Önnur mál.** Fundartími verður annan mánudag hvers mánaðar kl.19:30.
Fram kom sú hugmynd að gefa væntanlegum 1. bekkjum bol á vorhátíð skólans með áletruninni: „Ég er að fara í Lundarskóla“ Ekkert ákveðið.

Fundi slitið kl. 20:30

Næsti fundur verður mánudaginn 13. október kl. 19:30